FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2026/119 **2026/EES/53/19**

frá 20. janúar 2026

að því er varðar synjun um leyfi fyrir blöndu með karvakróli sem fóðuraukefni í flokknum dýraræktaraukefni fyrir fráfærugrísi (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu eða synjun um slíkt leyfi.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 lagði Techna France Nutrition fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með karvakróli sem fóðuraukefni fyrir fráfærugrísi og óskaði eftir að aukefnið yrði sett í flokkinn „dýraræktaraukefni“ og í virka hópinn „önnur dýraræktaraukefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Eins og kveðið er á um í 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 þarf umsækjandinn um leyfi fyrir fóðuraukefni að sýna fram á, á viðeigandi og fullnægjandi hátt og í samræmi við framkvæmdarreglurnar sem um getur í 7. gr. þeirrar reglugerðar, að skilyrðin fyrir leyfinu sem sett eru fram í 5. gr. séu uppfyllt.

4) Við undirbúning álits síns framkvæmdi Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) mat á blöndu með karvakróli til að ákvarða hvort hún uppfylli skilyrðin fyrir leyfi sem mælt er fyrir um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Í áliti sínu frá 17. mars 2020 ([2]) og aftur í eftirfylgniáliti sínu frá 31. janúar 2024 ([3]) gat Matvælaöryggisstofnunin ekki komist að niðurstöðu um verkun blöndu með karvakróli, þar eð Matvælaöryggisstofnunin gat eingöngu tekið tvær rannsóknir á langtímavirkni til athugunar sem sýndu umtalsverð áhrif, en í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 429/2008 ([4]) og í leiðbeiningum Matvælaöryggisstofnunarinnar ([5]) er krafist þriggja rannsókna á langtímavirkni sem sýna umtalsverð áhrif. Nánar tiltekið komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu, að teknu tilliti til allra gagna sem umsækjandinn hefur lagt fram, að tvær prófanir sýndu jákvæð áhrif blöndunnar með karvakróli á árangur í dýrarækt hjá fráfærugrísum við nafngildi 250 mg aukefnis/kg heilfóðurs en tvær aðrar rannsóknir voru ekki frekar teknar til athugunar í mati á verkun vegna hárrar tíðni skitu og hárrar dánartíðni hjá spenagrísum. Matvælaöryggisstofnunin taldi að tillaga umsækjandans um að fjarlægja tiltekin gögn úr greiningunni á einni af rannsóknunum sem ekki voru hafðar með væri ekki tilhlýðilega rökstudd og heimilaði ekki að sú rannsókn yrði aftur tekin til athugunar í mati á verkun. Af þessum sökum, vegna skorts á þriðju rannsókn sem sýnir jákvæðar niðurstöður varðandi árangur hjá fráfærugrísum við tillagt notkunarmagn, gat sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um aukefni og vörur eða efni sem eru notuð í fóður ekki komist að niðurstöðu um verkun aukefnisins hjá fráfærugrísum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2026/119, 21.1.2026. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 161/2026 frá 5. júní 2026 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020 18(4), 6070, https://doi.org/10.2903/j.efsa.2020.6070.

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2024 22, e8639, https://doi.org/10.2903/j.efsa.2024.8639.

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 429/2008 frá 25. apríl 2008 um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 að því er varðar gerð og framsetningu umsókna og mat á aukefnum í fóðri og leyfi fyrir þeim (Stjtíð. ESB L 133, 22.5.2008, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2008/429/oj).

([5]) Einkum leiðbeiningar um mat á verkun fóðuraukefna sem voru samþykktar 17. apríl 2018, *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(5), 5274, https://doi.org/10.2903/j.efsa.2018.5274.

5) Í bréfi frá 10. apríl 2024 gaf framkvæmdastjórnin umsækjandanum færi á að leggja fram viðbótarupplýsingar til að sýna á viðeigandi og fullnægjandi hátt fram á verkun blöndunnar með karvakróli sem fóðuraukefni fyrir fráfærugrísi. Í svörum sínum frá 20. og 21. júní 2024 var umsækjandinn ósammála því að Matvælaöryggisstofnunin gæti ekki komist að niðurstöðu um verkun blöndunnar með karvakróli þar eð hann taldi sig hafa lagt rök fyrir Matvælaöryggisstofnunina sem réttlæta að samþykkja viðbótarrannsókn á verkun og upplýsti framkvæmdastjórnina um að hann væri hvorki reiðubúinn að veita viðbótarupplýsingar né draga umsóknina til baka.

6) Á grundvelli framangreinds hefur umsækjandinn ekki sýnt á viðeigandi og fullnægjandi hátt fram á að blandan með karvakróli hafi a.m.k. einn af eiginleikunum sem settir eru fram í 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Einkum í ljósi þess að umsækjandinn óskaði eftir því að blandan yrði sett í flokkinn „dýraræktaraukefni“ og virka hópinn „önnur dýraræktaraukefni“ telur framkvæmdastjórnin ekki að umsækjandinn hafi sýnt á viðeigandi og fullnægjandi hátt fram á, í samræmi við framkvæmdarráðstafanir sem um getur í 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, að blandan hafi jákvæði áhrif á búfjárframleiðslu, afurðasemi eða velferð búfjár, einkum með áhrifum á maga- og þarmaflóruna eða meltanleika fóðurs, eins og kveðið er á um í f-lið 3. mgr. 5. gr þeirrar reglugerðar.

7) Í ljósi framangreinds er ekki hægt að líta svo á að blanda með karvakróli uppfylli skilyrðin fyrir leyfi sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Til samræmis við það ætti að synja um leyfi fyrir þeirri blöndu sem fóðuraukefni fyrir fráfærugrísi sem tilheyrir flokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „önnur dýraræktar-aukefni“.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Synjun um leyfi

Synjað er um leyfi fyrir blöndu með karvakróli sem aukefni í fóður sem tilheyrir flokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „önnur dýraræktaraukefni“ til notkunar fyrir fráfærugrísi.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. janúar 2026.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2026/180 **2026/EES/53/20**

frá 19. janúar 2026

um breytingu á framkvæmdarreglugerðum (ESB) 2021/1426, (ESB) 2024/221, (ESB) 2023/1333, (ESB) 2024/1058, (ESB) 2023/1342, (ESB) 2024/778, (ESB) 2024/2177, (ESB) 2019/805, (ESB) 2020/163, (ESB) 2021/1431 og (ESB) 2025/161 að því er varðar heiti leyfishafa fyrir fóðuraukefnum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 3. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Serínpróteasi, endó-1,4-betaxýlanasi, endó-1,3(4)-betaglúkanasi og endó-1,4-betaglúkanasi, endó-1,3(4)-betaglúkanasi, endó-1,4-betaxýlanasi, 6-fýtasi, próteasi og múramídasi voru leyfð sem fóðuraukefni (hér á eftir nefnd fóðuraukefni sem um er að ræða) fyrir ólíkar dýrategundir með framkvæmdarreglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1426 ([2]), (ESB) 2024/221 ([3]), (ESB) 2023/1333 ([4]), (ESB) 2024/1058 ([5]), (ESB) 2023/1342 ([6]), (ESB) 2024/778

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2026/180, 22.1.2026. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 161/2026 frá 5. júní 2026 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1426 frá 31. ágúst 2021 um leyfi fyrir serínpróteasa, sem er framleiddur með *Bacillus licheniformis* DSM 19670, sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd., fulltrúi hans hjá Sambandinu er DSM Nutritional Products Sp. z o.o.) (Stjtíð. ESB L 307, 1.9.2021, bls. 17, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2021/1426/oj.)

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar ESB) 2024/221 frá 12. janúar 2024 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, endó-1,3(4)-betaglúkanasa og endó-1,4-betaglúkanasa, sem eru framleiddir með *Trichoderma reesei* ATCC 74444, sem fóðuraukefni fyrir allar tegundir alifugla til eldis, allar tegundir alifugla sem eru aldar til varps og fráfærugrísi (leyfishafi er DSM Nutritional Products) og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 403/2013 (Stjtíð. ESB L, 2024/221, 15.1.2024, ELI http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/221/oj).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1333 frá 29. júní 2023 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus fijiensis* CBS 589.94, sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga og fráfærugrísi (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi hans er DSM Nutritional Products Sp. z o.o.), um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1811/2005 og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1259/2004 (Stjtíð. ESB L 166, 30.6.2023, bls. 106, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2023/1333/oj).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1058 frá 10. apríl 2024 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-beta-xýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* DSM 33700, sem fóðuraukefni fyrir alifugla til eldis, fráfærugrísi, eldissvín, mjólkandi gyltur og varphænur, um breytingu á skilmálum leyfisins og leyfi fyrir nýrri notkun á þeirri blöndu sem fóðuraukefni fyrir allar tegundir alifugla og öll svín (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi hans er DSM Nutritional Products Sp. z o.o.) og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 1206/2012, (ESB) nr. 2020/995 og (ESB) 2020/1034 (Stjtíð. ESB L, 2024/1058, 11.4.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/1058/oj).

([6]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1342 frá 30. júní 2023 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* DSM 33699, sem fóðuraukefni fyrir alifugla, eldissvín, fráfærugrísi og gyltur (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi hans er DSM Nutritional Products Sp. z o.o.) og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 837/2012 (Stjtíð. ESB L 168, 3.7.2023, bls. 17, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2023/1342/oj).

([7]), (ESB) 2024/2177 ([8]), (ESB) 2019/805 ([9]), (ESB) 2020/163 ([10]), (ESB) 2021/1431 ([11]) og (ESB) 2025/161 ([12]).

2) Leyfishafinn fyrir fóðuraukefnunum sem um er að ræða, DSM Nutritional Products Ltd., hefur lagt fram umsókn í samræmi við 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 þar sem lögð er til breyting á heiti leyfishafans fyrir fóðuraukefnum sem um er að ræða í Novozymes A/S.

3) Fyrirhuguð breyting á skilmálum leyfanna er eingöngu stjórnsýslulegs eðlis og felur ekki í sér nýtt mat á fóðuraukefnunum sem um er að ræða. Matvælaöryggisstofnun Evrópu var upplýst um umsóknina.

4) Til að gera Novozymes A/S kleift að nýta markaðssetningarrétt sinn er nauðsynlegt að breyta skilmálum hlutaðeigandi leyfa.

5) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerðum (ESB) 2021/1426, (ESB) 2024/221, (ESB) 2023/1333, (ESB) 2024/1058, (ESB) 2023/1342, (ESB) 2024/778, (ESB) 2024/2177, (ESB) 2019/805, (ESB) 2020/163, (ESB) 2021/1431 og (ESB) 2025/161 til samræmis við það.

6) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingunum, sem eru gerðar með þessari reglugerð, af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil svo hægt sé að nota fyrirliggjandi birgðir af fóðuraukefnunum sem um er að ræða.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari framkvæmdarreglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

([7]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/778 frá 5. mars 2024 um leyfi fyrir blöndu með próteasa, sem er framleiddur með *Bacillus licheniformis* DSM 33099, sem fóðuraukefni fyrir allar tegundir alifugla til eldis, sem eru aldar til varps og aldar til undaneldis (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd) (Stjtíð. ESB L, 2024/778, 6.3.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/778/oj).

([8]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2177 frá 2. september 2024 um leyfi fyrir blöndu með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* DSM 33737, sem fóðuraukefni fyrir allar tegundir alifugla til eldis eða sem eru aldar til varps eða til undaneldis, gyltur af öllum svínategundum og alla fiska (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd., fulltrúi hans er DSM Nutritional Products Sp. z o.o.) (Stjtíð. ESB L, 2024/2177, 3.9.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/2177/oj).

([9]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/805 frá 17. maí 2019 um leyfi fyrir blöndu með múramídasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* DSM 32338, sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga og aukategundir alifugla til eldis (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi hans í ESB er DSM Nutritional Products Sp. Z o.o) (Stjtíð. ESB L 132, 20.5.2019, bls. 33, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2019/805/oj).

([10]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/163 frá 5. febrúar 2020 um leyfi fyrir blöndu af múramídasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* DSM 32338, sem fóðuraukefni fyrir eldiskalkúna, kalkúna sem eru aldir til undaneldis, kjúklinga sem eru aldir til undaneldis og aðrar alifuglategundir sem eru aldar til undaneldis (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd., fulltrúi hans hjá Sambandinu er DSM Nutritional Products Sp. Z o.o) (Stjtíð. ESB L 34, 6.2.2020, bls. 34, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2020/163/oj).

([11]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1431 frá 1. september 2021 um leyfi fyrir múramídasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* DSM 32338, sem fóðuraukefni fyrir fráfærugrísi (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi hans hjá Sambandinu er DSM Nutritional Products Sp. z o.o.) (Stjtíð. ESB L 309, 2.9.2021, bls. 5, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2021/1431/oj).

([12]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/161 frá 29. janúar 2025 um leyfi fyrir blöndu með múramídasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* DSM 32338, sem fóðuraukefni fyrir varphænur (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi er DSM Nutritional Products Sp. Z o.o) (Stjtíð. ESB L, 2025/161, 30.1.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2025/161/oj).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/1426

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/1426 er breytt sem hér segir:

1) Í stað heitisins „DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi hans hjá Sambandinu er DSM Nutritional Products Sp. z.o.o.“ í titlinum kemur „Novozymes A/S“.

2) Í stað heitisins „DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi hans hjá Sambandinu er DSM Nutritional Products Sp. z.o.o.“ í öðrum dálki viðaukans kemur „Novozymes A/S“.

2. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2024/221

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2024/221 er breytt sem hér segir:

1) Í stað heitisins „DSM Nutritional Products“ í titlinum kemur „Novozymes A/S“.

2) Í stað heitisins „DSM Nutritional Products“ í öðrum dálki viðaukans kemur „Novozymes A/S“.

3. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/1333

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/1333 er breytt sem hér segir:

1) Í stað heitisins „DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi er DSM Nutritional Products Sp. z.o.o.“ í titlinum kemur „Novozymes A/S“.

2) Í stað heitisins „DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi er DSM Nutritional Products Sp. z.o.o.“ í öðrum dálki viðaukans kemur „Novozymes A/S“.

4. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2024/1058

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2024/1058 er breytt sem hér segir:

1) Í stað heitisins „DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi er DSM Nutritional Products Sp. z.o.o.“ í titlinum kemur „Novozymes A/S“.

2) Í stað heitisins „DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi er DSM Nutritional Products Sp. z.o.o.“ í öðrum dálki viðaukans kemur „Novozymes A/S“.

5. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/1342

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/1342 er breytt sem hér segir:

1) Í stað heitisins „DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi er DSM Nutritional Products Sp. z.o.o.“ í titlinum kemur „Novozymes A/S“.

2) Í stað heitisins „DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi er DSM Nutritional Products Sp. z.o.o.“ í öðrum dálki viðaukans kemur „Novozymes A/S“.

6. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2024/778

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2024/778 er breytt sem hér segir:

1) Í stað heitisins „DSM Nutritional Products Ltd“ í titlinum kemur „Novozymes A/S“.

2) Í stað heitisins „DSM Nutritional Products Ltd“ í öðrum dálki viðaukans kemur „Novozymes A/S“.

7. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2024/2177

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2024/2177 er breytt sem hér segir:

1) Í stað heitisins „DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi er DSM Nutritional Products Sp. z.o.o.“ í titlinum kemur „Novozymes A/S“.

2) Í stað heitisins „DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi er DSM Nutritional Products Sp. z.o.o.“ í öðrum dálki viðaukans kemur „Novozymes A/S“.

8. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/805

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/805 er breytt sem hér segir:

1) Í stað heitisins „DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi hans í ESB er DSM Nutritional Products Sp. z.o.o.“ í titlinum kemur „Novozymes A/S“.

2) Í stað heitisins „DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi hans í ESB er DSM Nutritional Products Sp. z.o.o.“ í öðrum dálki viðaukans kemur „Novozymes A/S“.

9. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/163

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/163 er breytt sem hér segir:

1) Í stað heitisins „DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi hans hjá Sambandinu er DSM Nutritional Products Sp. z.o.o.“ í titlinum kemur „Novozymes A/S“.

2) Í stað heitisins „DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi hans hjá Sambandinu er DSM Nutritional Products Sp. z.o.o.“ í öðrum dálki viðaukans kemur „Novozymes A/S“.

10. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/1431

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/1431 er breytt sem hér segir:

1) Í stað heitisins „DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi hans hjá Sambandinu er DSM Nutritional Products Sp. z.o.o.“ í titlinum kemur „Novozymes A/S“.

2) Í stað heitisins „DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi hans hjá Sambandinu er DSM Nutritional Products Sp. z.o.o.“ í öðrum dálki viðaukans kemur „Novozymes A/S“.

11. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2025/161

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2025/161 er breytt sem hér segir:

1) Í stað heitisins „DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi er DSM Nutritional Products Sp. z.o.o.“ í titlinum kemur „Novozymes A/S“.

2) Í stað heitisins „DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi er DSM Nutritional Products Sp. z.o.o.“ í öðrum dálki viðaukans kemur „Novozymes A/S“.

12. gr.

Umbreytingarráðstöfun

Fóðuraukefni sem um er að ræða, sem voru framleidd og merkt fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar í samræmi við þær reglur sem voru í gildi fyrir þann dag, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

13. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. janúar 2026.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.